

BORGARRÁÐ

Ár 2017, fimmtudaginn 2. mars, var haldinn 5444. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.13. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, S. Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Líf Magneudóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Kjartan Magnússon, Halldór Halldórsson og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Óli Jón Hertervig, Kristbjörg Stephensen, Hallur Símonarson, Ólöf Örvarsdóttir, Pétur Ólafsson og Linda Sif Sigurðardóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir endurskoðunarnefndar frá 21. og 22. nóvember 2016. R16010030
2. Lögð fram fundargerð endurskoðunarnefndar frá 20. febrúar 2017. R17010030
3. Lögð fram fundargerð ferlinefndar fatlaðs fólks frá 23. febrúar 2017. R17010032
4. Lögð fram fundargerð fjölmenningsráðs frá 15. febrúar 2017. R17010034
5. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Árbæjar frá 7. febrúar 2017. R17010005
6. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals frá 13. febrúar 2017. R17010007
7. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Háaleitis og Bústaða frá 20. febrúar 2017. R17010009
8. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Hlíða frá 23. febrúar 2017. R17010010
9. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Laugardals frá 27. febrúar 2017. R17010012
10. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Vesturbæjar frá 9. febrúar 2017. R17010014
11. Lögð fram fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 16. janúar 2017. R17010025
12. Lögð fram fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 27. febrúar 2017. R17010022
13. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 20. febrúar 2017. R17010027
14. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. mars 2017. R17010021
B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.
15. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 8 mál. R17020248
16. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. R17020036
17. Lagt fram yfirlit, dags. í dag, yfir styrkumsóknir sem borist hafa borgarráði. R17010042
Lagt til að samþykkt verði að veita Fjölskylduhjálp Íslands styrk að fjárhæð kr. 1.500.000 til aðstoðar fátæku og efnalitlu fólki í Reykjavík. Styrkveitingin er háð því

skilyrði að velferðarsvið Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpin geri samstarfssamning og verður styrkurinn ekki greiddur fyrr en samningurinn hefur verið gerður.
Samþykkt.

Lagt til að samþykkt verði að veita Töframætti tónlistar styrk að fjárhæð kr. 200.000 vegna tónleikaraðar fyrir fólk sem vegna geðfatlana, félagslegrar einangrunar og/eða öldrunar á erfitt með að sækja tónleika.

Lagt til að samþykkt verði að veita Nótunni styrk að fjárhæð kr. 500.000 vegna lokahátíðar Nótunnar 2017.

Lagt til að samþykkt verði að veita Höndinni styrk að fjárhæð kr. 300.000 vegna sjálfstyrkingar og samhjálpar.

Lagt til að styrkbeiðni framleiðslufyrirtækisins Elinóru verði vísað til meðferðar mannréttindaráðs.

Lagt til að öðrum styrkbeiðnum verði hafnað.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins og borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vísa til bókar sinnar í borgarráði 19. júní 2014

18. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. febrúar 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. febrúar 2017 á auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 30 við Vesturgötu, ásamt fylgiskjöllum. R17020236
Samþykkt.

19. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. febrúar 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. febrúar 2017 á auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Grensásveg, ásamt fylgiskjöllum. R17020237
Samþykkt.

20. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. febrúar 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. febrúar 2017 á auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar 2-14 vegna lóðanna nr. 6-8 og 10-12 við Gylfaflöt, ásamt fylgiskjöllum. R17020238
Samþykkt

21. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. febrúar 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. febrúar 2017 á auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna fjölgunar íbúða á lóð nr. 20-26 við Hlíðarenda, ásamt fylgiskjöllum. R17020239
Samþykkt með sex atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokksins, Bjartrar fraamtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn einu atkvæði borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til 1. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

22. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. febrúar 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. febrúar á auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar, Vesturhafnar, vegna lóðarinnar nr. 37b við Fiskislóð, ásamt fylgiskjöllum. R17020240
Samþykkt.

23. Lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. febrúar 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. febrúar 2017 á breytingu á deiliskipulagi Starhaga vegna lóða nr. 1 og 3, sbr. 25. lið fundargerðar borgarráðs frá 23. febrúar 2017. R16110073
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

- Kl. 9.34 vikur Ólöf Örvarsdóttir af fundinum.
- 24. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 10. febrúar 2017, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 8. febrúar 2017 á samningi um rekstur félagsmiðstöðvar í Hraunbæ 105, ásamt fylgiskjölum.
Helgi Grímsson og Jóhannes Guðlaugsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. R16040222
Samþykkt.

Helgi Grímsson og Jóhannes Guðlaugsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- 25. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 27. febrúar 2017, varðandi fyrirhugaða ferð staðgengils borgarstjóra og mannréttindastjóra á lokafund verkefnisins Nordic Safe Cities sem haldinn verður í Kaupmannahöfn þriðjudaginn 7. mars nk. R17010323
- 26. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 27. febrúar 2017, varðandi ferð staðgengils borgarstjóra o.fl. til Bristol og Cardiff í samstarfi við Íslandsstofu vegna uppbyggingar í Gufunesi. R17020181
- 27. Lagt fram bréf stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 27. febrúar 2017, þar sem lögð er fram til kynningar verkefnislýsing verkefnisins Hverfið mitt 2017 sem samþykkt var í stjórnkerfis- og lýðræðisráði þann 20. febrúar sl.

Sonja Wium tekur sæti á fundinum undir þessum lið. R17020200
- 28. Lögð fram svör fjármálaskrifstofu og velferðarsviðs, dags. 19. desember 2016, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 15. desember sl. varðandi sölu eigna frá Reykjavíkurborg til Félagsbústaða hf. Jafnframt er lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 22. febrúar 2017. R16120063
- 29. Lagt fram að bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 11. janúar 2017, þar sem óskað er eftir að Reykjavíkurborg tilnefni 2 fulltrúa og jafn marga til var í skólanefndir Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Fjölbrautaskólans við Ármúla, Kvennaskólans í Reykjavík, Menntaskólans í Reykjavík, Menntaskólans við Hamrahlíð og Menntaskólans við Sund, sbr. 40. lið fundargerðar borgarráðs frá 23. febrúar 2017. R17010139
Frestað.
- 30. Lagt til að Líf Magneudóttir taki sæti Sóleyjar Tómasdóttur í stjórn Vestnorræna sjóðsins. R14060143
Samþykkt.
- 31. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 27. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki þrjá hjálagða samninga er tengjast fyrirhugaðri uppbyggingu í Vogabyggð 1, ásamt fylgiskjölum.
Greinargerð fylgir erindinu. R13100391
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja mikilvægt að við skipulag Vogahverfis verði þess gætt að halda þeim möguleika opnum að Sundabraut liggir um svæðið samkvæmt svokallaðri innri leið, t.d. í göngum.

Einar I. Halldórsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

32. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 27. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka við samning Íslandsbanka ehf. og Reykjavíkurborgar um ráðstöfun byggingarréttar, uppbyggingu og skipulag á lóðunum nr. 41 við Borgartún og nr. 2 við Kirkjusand frá 29. janúar 2015. Greinargerð fylgir erindinu. R13020066
Samþykkt.

Einar I. Halldórsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

33. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 15. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Green Atlantic Data Centers ehf. lóðarvilyrði fyrir lóð við Hólmsheiði undir rekstur gagnavers. R17020001
Samþykkt.

34. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 15. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð staðfesti meðfylgjandi samning um lóðarvilyrði gegn greiðslu fyrir lóð sem heimilar byggingu allt að 30.000 fermetra að stærð við gagnaversfyrirtækið Green Atlantic Data Centers ehf. R17020001
Samþykkt.

35. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráð beinir því til stjórnar Strætó bs. að biðaðstaða strætisvagnafarþega í skiptistöðinni í Mjódd verði bætt sem fyrst og hún gerð þægilegri en nú er. Um fjórar milljónir farþega fara árlega um stöðina og er því um að ræða fjölförnustu umferðarmiðstöð landsins. Lagt er til að umbætur verði gerðar á stöðinni þar sem að lágmarki verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir: 1. Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. 2. Sætum verði fjölgað og þau sem fyrir eru verði löguð. 3. Salerni biðstöðvarinnar verði opnuð almenningi að nýju. R17030023

Frestað.

Fundi slitið kl. 10.33

Sigurður Björn Blöndal

Halldór Halldórsson
Líf Magneudóttir
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

Halldór Auðar Svansson
Heiða Björg Hilmisdóttir
Kjartan Magnússon